

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Dalvegur 32. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt 28. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Dalvegur 32. Í breytingunni felst að byggingarreitur Dalvegur 32B minnkar til austurs, byggingarreitur Dalvegur 32C stækkar og færir til á lóðinni. Byggingarreitur Dalvegur 32C hækkar jafnframt úr 2 hæðum ásamt kjallara í 2-4 hæðir ásamt kjallara og 6 hæðir ásamt kjallara austast á lóðinni. Heildarbyggingarmagn á lóð eykst úr 9.300 m² í 18.618 m². Svæðisnýting eykst úr 0,4 í 0,8. Nýtingarhlutfall lóðar verður 1. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða á lóð breytist. Gert verður ráð fyrir akstursleið til vesturs frá lóðarmörkum Dalvegur 32 inn á lóðina að Dalvegi 30.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogsdalur. Dalsmári 5. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt 11. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals fyrir lóðina nr. 5 við Dalsmára. Í breytingunni felst að komið verði fyrir á lóðinni tveimur færanlegum skrifstofueiningum á tveimur hæðum alls 115 m² að flatarmáli, suðvestan við núverandi tengibyggingu íþróttahúss. Hámark byggingarmagns á lóðinni verður 10.315 m² eftir breytingu.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 16. júlí 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. júlí 2024